

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 174/2016

2018/EES/19/11

frá 23. september 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/903 frá 8. júní 2016 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um hestaábreiður sem eru gegndreyptar með perimetríni og notaðar til að verjast óþægindum af völdum skordýra í umhverfi hestsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/904 frá 8. júní 2016 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um vörur sem innihalda própan-2-ól og eru notaðar til að sótthreinsa hendur ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 12nnv (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1985) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnw. **32016 D 0903**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/903 frá 8. júní 2016 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um hestaábreiður sem eru gegndreyptar með perimetríni og notaðar til að verjast óþægindum af völdum skordýra í umhverfi hestsins (Stjútíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 43).

12nnx. **32016 D 0904**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/904 frá 8. júní 2016 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um vörur sem innihalda própan-2-ól og eru notaðar til að sótthreinsa hendur (Stjútíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðana (ESB) nr. 2016/903 og (ESB) nr. 2016/904, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 43.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 152, 9.6.2016, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.